TTT Ice. Large berg sighted in 4605 N., 4410 W., at 0800 GMT. May 15. **69**
3. júlí

Ofviðri.

TTT Storm. Experiencing tropical storm. Barometer corrected 994 millibars, falling rapidly. Wind NW., force 9, heavy squalls. Swell E. Course ENE., 5 knots 2204 N., 11354 E., 0030 GMT. August 18.

TTT Storm. Appearances indicate approach of hurricane. Barometer corrected 29.64 inches falling. Wind NE., force 8, Swell medium from NE. Frequent rain squalls. Course 35°, 9 knots, 2200 N., 7236 W. 1300 GMT. September 14.

TTT Storm. Conditions indicate intense cyclone has formed. Wind S. by W. force 5. Barometer uncorrected 753 millimetres, fell 5 millimetres last three hours. Course N. 60 W., 8 knots, 1620 N., 9302 E. 0200 GMT. May 4.

TTT Storm. Typhoon to south-east. Wind increasing from N. and barometer falling rapidly. Position 1812 N., 12605 E., 0300 GMT. Juni 12.

TTT stormur. Lent snögglega í stormi. Loftvog leiðrétt 748 millimetrar, hraðfallandi. Vindur ANA 9. Töluverð snjókoma. Mikill sjór. Undiralda úr SV. Stefnum SSV, 8 sjómílur, 5940 N., 3630 V., kl. 1800 GMT. 26. febrúar.

Skipsflak.

TTT Derelict. Observed derelict almost submerged in 4006 N., 1243 W., at 1630 GMT. April 21.

Siglingarhætt.

TTT sigling. Kópanesvitinn logar ekki 0400 GMT. 10. október.

TTT Navigation. Alpha lightship not on station. 1800 GMT. January 3.

ERINDISBRÉF **70**
3. júlí

fyrir yfirfiskimatsmenn.

1. gr.

Yfirfiskimatsmenn skulu kynna sér sem bezt hvernig verkaður og óverkaður saltfiskur eigi að vera að verkun, útliti og stærð, svo að fiskurinn geti talizt fyrsta flokks vara á þeim stöðum, sem mestur markaður er fyrir hann, einkum á Spáni, Portúgal og Ítalíu og öðru Miðjarðarhafslöndum, svo og hvernig fara á með fiskinn og verkun hans, svo að hann verði sem bezt markaðsvara. Þeir skulu jafnan hafa það hugfast, að vanda ber til matsins eftir því, sem frekast er unnt, svo að álit íslenzks fiskjar í neyzlulöndunum megi vera sem bezt.

Þeir skulu einnig kynna sér þær breytingar, sem verða á kröfum þeim, er neytendur gera til fiskjarins á hverjum tíma, og haga mati sínu eftir óskum þeirra, að svo miklu leyti, sem unnt er og ekki getur miðað til þess að rýra álit hins íslenzka fiskimats.

70 3. júlí

2. gr.

Yfirfiskimatsmenn hafa einir á hendi yfirmat á öllum fiski, sem fluttur er út, hver í sínu umdæmi. Um fyrirkomulag og framkvæmd matsins eru settar eftirfarandi reglur.

3. gr.

Yfirfiskimatsmenn hafa fiskimatsmenn sér til aðstoðar við skoðun og mat fiskjarins og við umsjón hans, vigtun, pökkun og útskipun. Einnig hafa þeir athugun á allri meðferð fiskjarins í höndum eiganda eða umráðamanns fiskjarins, til þess betur að geta varast leynda galla. Þeir senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tillögur sínar um á hvaða stöðum í umdæmi þeirra þurfi að skipa fiskimatsmenn, hve marga og hverja. Fiskimatsmennirnir eru skyldir til að hlýða yfirmatsmanni samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í erindisbréfi fyrir þá.

4. gr.

Yfirfiskimatsmenn skulu skyldir til að láta meta fullsaltaðan fisk á hvaða verkunarstigi sem hann er, þegar eigandi fiskjarins óskar þess. Fiskur sem ekki er fullsaltaður, er ekki matshæfur. Þeir geta neitað að meta fisk, sem ekki hefir staðið nægilega lengi eftir verkun.

Ef fleiri æskja mats samtímis en fiskimatsmenn fá orkað, skal yfirfiskimatsmaður leitast við að haga matinu þannig, að fyrst séu leystar þær þarfirnar, sem að hans dómi eru brýnastar.

Eigi má yfirfiskimatsmaður votta um fisk til útflutnings nema því aðeins að 2 fiskimatsmenn að minnsta kosti hafi samtímis metið fiskinn og gefið vottorð um gæði hans.

5. gr.

Yfirfiskimatsmaður skal segja fiskimatsmönnum sínum fyrir um starfið við fiskimatið, leiðbeina þeim og yfir höfuð kosta kapps um að þeir verði sem færastir til að dæma um fiskinn.

Hann skal að svo miklu leyti, sem unnt er líta eftir þeim við vinnuna.

6. gr.

Yfirfiskimatsmenn skulu gæta þess að verkaður saltfiskur sé ætíð skoðaður og veginn í geymsluhúsi, sem er nægilega bjart. Verkaðan fisk má eigi meta nema við dagsbirtu.

7. gr.

Yfirfiskimatsmaður getur neitað að meta fisk til útflutnings á höfnum, sem liggja opnar fyrir sjógangi, eða af öðrum ástæðum eru illa fallnar til útflutnings.

Þegar fiskur er fluttur í skip, skal yfirfiskimatsmaður gæta þess að fiskurinn skemmist ekki við útskipunina og skal segja fyrir um hvernig henni skal hagað. Sker hann úr um það, hvort veður eða sjólag sé svo gott, að fiski megi skipa út.

Yfirfiskimatsmaður skal hafa gætur á því að fiskurinn skemmist ekki þegar hann er borinn eða fluttur í útskipunarbáta eða önnur flutningstæki, að bátar þeir, sem nota á við útskipunina séu lekalausir og vel hreinir. Hann skal og gæta þess að nægilega margar heilar og hreinar ábreiður eða segl fylgi bátunum til þess að breiða undir og yfir fiskinn í þeim. Hann skal hafa gætur á því, að fiskurinn skemmist ekki þegar hann er tekinn upp úr bátunum eða flutningatækjum og látinn niður í lestina á flutningaskipinu. Skal að jafnaði nota net, segl eða kassa við þann flutning. **70** 3. júlí

Yfirfiskimatsmaður skal sjá um að fiskinum sé svo fyrirkomið í farmrúminu að hann haggist ekki eða skemmist. Hann skal sjá um að farmrúm skipsins, sem fiskinn flytur, sé þurt og hreint og að það sé nægilega klætt hreinum borðum, mottum eða striga, svo og að á vélskipum sé nægilegt bil milli fiskjarins og vélarúmsins, svo hann skemmist ekki af hita frá vélinni. Yfirfiskimatsmaður skal og líta eftir því að fullnægjandi ábreiður séu notaðar yfir lestaropum fiskútflutningsskipa og að vel sé frá þeim gengið. Yfir lestaropum skal hafa 3 ábreiður og sé að minnsta kosti ein þeirra ný, eða tvær nýlegar. Þegar fiskur er fluttur út í pökkum, skal yfirmatsmaður gæta þess, að umbúðirnar sé fullnægjandi og skal þá sérstaklega athugað, að ekki sé notaður rýrari strigi til umbúða um fiskinn en 8 oz. strigi. Verkaður fiskur, sem fluttur er til Suðurlanda, skal ætíð vera bundinn í strigaumbúðir, eða um hann búið á annan eigi ótryggari hátt.

Allt eftirlit, sem hér að ofan greinir, skulu yfirfiskimatsmenn annast sjálfir, eða fiskimatsmenn fyrir þeirra hönd.

Ef skipunum yfirfiskimatsmanns, eða fiskimatsmanna fyrir hans hönd, er ekki hlýtt, getur yfirfiskimatsmaður neitað að gefa vottorð um fiskinn.

8. gr.

Ef fiskinum er ekki skipað út jafnóðum og hann hefir verið metinn, skal yfirfiskimatsmaður hafa eftirlit með því, að fiskurinn sé svo geymdur frá því að mat fór fram þangað til honum er skipað út, að hann skemmist ekki.

Þyki yfirfiskimatsmanni ástæða til þess að ætla, að fiskurinn hafi breytzt frá því mat fór fram, skal hann skipa svo fyrir, að fiskurinn sé metinn og veginn á ný fyrir útskipun.

9. gr.

Allar tegundir saltfiskjar, sem fluttur er úr landi sem íslenzkur saltfiskur, skal meta, þó gildir þetta ekki um saltfisk, sem veiðiskipin sigla með sjálf á erlendan markað, enda hafi fiskurinn eigi verið lagður hér á land.

Þegar matskyldur fiskur er fluttur út, skal yfirfiskimatsmaður gefa út vottorð um hann. Skulu vottorð þessi vera rituð á farmskírteini fyrir fiskinn.

Vottorðin skulu rituð bæði á íslenzku og ensku og skal nota fyrirmyndir þær, sem prentaðar eru með erindisbréfi þessu.

Vilji einhver fá matsvottorð um fisk, sem hefir verið metinn og veginn í því skyni að nota það við sölu fiskjarins, getur yfirfiskimatsmaður gefið út bráða-

70 3. júlí

birgðavottorð um fiskinn. Yfirfiskimatsmaður skal halda eftir tveimur afritum af vottorðum þeim, er hann gefur út og senda Fiskifélagi Íslands annað þeirra með fyrstu ferð.

Yfirfiskimatsmaður hefir að viðlagðri hegningu að lögum ábyrgð á því að vottorð þau, er hann gefur út, séu sönn og rétt. Hann skal gæta þess og fullvissa sig um að fiskur, sem hann hefir metið, sé íslenzk vara.

Eigi má senda til Barcelona vinstriflattan fisk, nema þess sé sérstaklega getið á matsvottorðinu, enda skal sá fiskur pakkaður sér.

10. gr.

Yfirfiskimatsmaður gætir þess eins og unnt er, að reikningar fiskimatsmanna fyrir vinnu við fiskimatið séu réttir og samkvæmir töxtum þeim, sem ákveðnir eru í erindisbréfi þeirra, og skrifar hann upp á reikninga þeirra, þegar því verður við komið, áður en þeir eru útborgaðir af þeim, sem metið hefir verið fyrir. Jafnframt skal hann og gæta þess, að skipta matsstarfinu sem jafnast milli fiskimatsmanna.

Þar, sem margar verkunarstöðvar eru á sama stað, er æskilegt að yfirfiskimatsmaður sjái um að skipt sé sem oftast um matsmenn á milli stöðvanna.

11. gr.

Yfirmatsmennirnir eru launaðir úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 46, 8. september 1931 um fiskimat. Þeim er stranglega bannað að taka á móti nokkurri annari þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, en borgun þeirri, sem ákveðin er í framangreindum lögum og í erindisbréfi þessu.

12. gr.

Yfirfiskimatsmaðurinn er skyldur til að meta eða láta meta saltfisk á hverjum stað í umdæmi sínu, sem þess er óskað (sjá þó 4. og 7. gr.). Til aðstoðar við matið skipar hann einhverja af hinum löggiltu fiskimatsmönnum í umdæmi sínu, þá er honum sýnist.

Hann getur og gefið einhverjum af fiskimatsmönnum í umdæmi sínu, þeim er hann treystir bezt, umboð til að sjá um yfirmatsstörf í sinn stað, ef hann vegna annríkis við matsstörf eða annara forfalla getur ekki séð um það sjálfur. Fiskimatsmaður fær þá auk hinnar venjulegu borgunar fyrir vinnuna við matið, fæðispeninga, ferðakostnað og borgun fyrir dvalardaga, samkvæmt fyrirmælum í erindisbréfi fyrir fiskimatsmenn, en atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úrskurðar reikninga þeirra, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman, að fengnum tillögum yfirfiskimatsmanns.

Þegar yfirfiskimatsmenn takast ferð á hendur, og gera það eftir ósk fiskeiganda eða útflytjanda eða í þarfir þeirra, t. d. til eftirlits við fermingu skipa eða í öðrum fiskimatserindum, skulu þeir greiða yfirfiskimatsmönnum ferðakostnað og fæðispeninga eftir reikningi, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman.

13. gr. 70

Yfirfiskimatsmennirnir skulu vera skyldir til að ferðast um umdæmi sitt 3. júlí
og, ef með þarf, utan þess, til þess að halda fundi með framleiðendum og matsmönnum, leiðbeina þeim um meðferð og mat á fiski, brýna fyrir þeim hver nauðsyn er á, að sem mestri samvizkusemi sé gætt við meðferð og mat á fiskinum, svo að álit hans megi vera sem bezt, líta eftir og leiðbeina framleiðendum um meðferð á fiski, líta eftir fiskimati yfirleitt og samræma það. Á þessum ferðum fá þeir ferðakostnað greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úrskurðar.

Á sama hátt og ferðakostnað samkvæmt 1. mgr. fá þeir greiddan nauðsynlegan kostnað, er þeir kunna að hafa af rannsóknum og tilraunum við fisk, salt eða annað, sem miðar að því að bæta eða auka verðmæti útflutningsfiskjar, enda hafi ráðuneytið samþykkt að slíkar rannsóknir og tilraunir færu fram.

Á ferðum sem yfirfiskimatsmaður fer samkvæmt 5. gr. fiskimatslaganna fer um greiðslu ferðakostnaðar eftir því sem segir í þeirri grein.

Yfirfiskimatsmenn fá greiddan úr ríkissjóði símakostnað í þarfir fiskimats.

14. gr.

Yfirfiskimatsmenn mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnuveg, er lýtur að fiskveiðum, fiskverkun eða fiskverzlun eða hafa á hendi umboðssölu eða kaup á fiski.

15. gr.

Nú verður yfirfiskimatsmaður þess vís, að einhver brýtur á móti ákvæðum fiskimatslaganna og ber honum þá að skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá því.

16. gr.

Yfirfiskimatsmaður ritar undir eiðstaf um, að hann vilji hlýða erindisbréfi þessu og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á honum hvíla í stöðu hans.

Hann verður að sætta sig við breytingar, sem gerðar kunna að verða á erindisbréfi þessu.

Sannist misfellur á vottorði yfirfiskimatsmanns er álíta verður að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu hans ber hann ábyrgð á því tjóni, er þar af leiðir. Auk þess getur ráðuneytið svipt hann stöðu sinni fyrirvaralaust. Þó telst hann sýkn saka geti hann sannað að einhverjir af undirmatsmönnum hans eigi sök á misfellunum. Bera þá hinir seku undirmatsmenn ábyrgðina af tjóninu. Auk ábyrgðarinnar má þá og svipta þá stöðu sinni fyrirvaralaust.

17. gr.

Hér með er úr gildi fellt erindisbréf fyrir yfirfiskimatsmenn frá 7. apríl 1922.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júlí 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

70
3. júlí

I. Fyrirmynd að vottorði yfirfiskimatsmanna um Spánarmetinn fisk.

MATSVOTTORÐ
Sorter's Certificate.

Undirritaður yfirfiskimatsmaður skipaður af Stjórnarráði Íslands vottar
I the undersigned chief fish sorter appointed by the Icelandic Government hereby

hér með að neðantalinn
declare that the undermentioned

.....

.....

.....

.....

.....

er spánarmetinn góður, óskemmdur, vel verkaður og .....þurrkaður
is Spanish assorted good, sound, well cured and dried

flokks fiskur veiddur ..... verkaður ..... og hefir honum verið skipað út
Class Cod caught cured and has been loaded

í góðu ásigkomulagi
in good condition

þann ..... 19....
the 19

Það vottast hér með, að ofanskráð matsvottorð er gefið út og undirrit-
It is hereby attested, that the above Sorter's Certificate has been issued and signed

að af yfirmatsmanni skipuðum af Stjórnarráði Íslands, sem samkvæmt reglu-
by the Chief Sorter appointed by the Icelandic Government, who according to a

gerð útgefinni af nefndu Stjórnarráði, lögum samkvæmt, er eini matsmaður-
proclamation of the said Government, is the only Sorter legally

inn, sem af því opinbera er heimilt að gefa út matsvottorð yfir fiskfarma, sem
authorized to issue sorter's certificates for fish cargoes

héðan eiga að fara.
shipped from this place.

Lögreglustjórinn í ..... þann ..... 19....
Police Office at the 19

II. Fyrirmynd að vottorði yfirfiskimatsmanna um Portúgalmetinn fisk.

70
3. júlí

MATSVOTTORÐ
Sorter's Certificate.

Undirritaður yfirfiskimatsmaður skipaður af Stjórnarráði Íslands vottar
I the undersigned chief fish sorter appointed by the Icelandic Government hereby
hér með að neðantalinn
declare that the undermentioned

.....

.....

.....

.....

.....

er portúgalmetinn góður, óskemmdur, vel verkaður og fullþurrkaður .... flokks
is Portuguese assorted godd, sound, well cured and fully dried Class
fiskur veiddur ..... verkaður ..... og hefir honum verið skipað út
Cod caught cured and has been loaded
í góðu ásigkomulagi
in good condition

þann ..... 19....
the 19

Það vottast hér með, að ofanskráð matsvottorð er gefið út og undirrit-
It is hereby attested, that the above Sorter's Certificate has been issued and signed
að af yfirmatsmanni skipuðum af Stjórnarráði Íslands, sem samkvæmt reglu-
by the Chief Sorter appointed by the Icelandic Government, who according to a
gerð útgefinni af nefndu Stjórnarráði, lögum samkvæmt, er eini matsmaður-
proclamation of the said Government, is the only Sorter legally
inn, sem af því opinbera er heimilt að gefa út matsvottorð yfir fiskfarma, sem
authorized to issue sorter's certificates for fish cargoes
héðan eiga að fara.
shipped from this place.

Lögreglustjórinn í ..... þann ..... 19....
Police Office at the 19

70
3. júlí

III. Fyrirmynd að vottorði yfirfiskimatsmanna um þveginn og pressaðan fisk.

MATSVOTTORÐ
Sorter's Certificate.

Undirritaður yfirfiskimatsmaður skipaður af Stjórnarráði Íslands vottar
I the undersigned chief fish sorter appointed by the Icelandic Government hereby

hér með að neðantalinn
declare that the undermentioned

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

er góður, óskemmdur, þveginn og pressaður .... flokks fiskur veiddur .....
is good, sound, washed and pressed class fish caught

þann ..... 19....
the 19

Það vottast hér með, að ofanskráð matsvottorð er gefið út og undirrit-
It is hereby attested, that the above Sorter's Certificate has been issued and signed

að af yfirmatsmanni skipuðum af Stjórnarráði Íslands, sem samkvæmt reglu-
by the Chief Sorter appointed by the Icelandic Government, who according to a

gerð útgefinni af nefndu Stjórnarráði, lögum samkvæmt, er eini matsmaður-
proclamation of the said Government, is the only Sorter legally

inn, sem af því opinbera er heimilt að gefa út matsvottorð yfir fiskfarma, sem
authorized to issue sorter's certificates for fish cargoes

héðan eiga að fara.
shipped from this place.

Lögreglustjórinn í ..... þann ..... 19....
Police Office at the 19

IV. Fyrirmynd að vottorði yfirfiskimatsmanna um fullsaltaðan, óverkaðan fisk.

70
3. júlí

MATSVOTTORÐ
Sorter's Certificate.

Undirritaður yfirfiskimatsmaður skipaður af Stjórnarráði Íslands vottar
I the undersigned chief fish sorter appointed by the Icelandic Government hereby

hér með að neðantalinn
declare that the undermentioned

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

er góður, óskemmdur, fullsaltaður, óverkaður .... flokks fiskur veiddur .....
is good, sound, fully salted uncured class fish caught

þann ..... 19....
the 19

Það vottast hér með, að ofanskráð matsvottorð er gefið út og undirrit-
It is hereby attested, that the above Sorter's Certificate has been issued and signed

að af yfirmatsmanni skipuðum af Stjórnarráði Íslands, sem samkvæmt reglu-
by the Chief Sorter appointed by the Icelandic Government, who according to a

gerð útgefinni af nefndu Stjórnarráði, lögum samkvæmt, er eini matsmaður-
proclamation of the said Government, is the only Sorter legally

inn, sem af því opinbera er heimilt að gefa út matsvottorð yfir fiskfarma, sem
authorized to issue sorter's certificates for fish cargoes

héðan eiga að fara.
shipped from this place.

Lögreglustjórinn í ..... þann ..... 19....
Police Office at the 19

70
3. júlí

V. Fyrirmynd að vottorði yfirfiskimatsmanna um verkaðan og þurrkaðan fisk.

MATSVOTTORÐ
Sorter's Certificate.

Undirritaður yfirfiskimatsmaður skipaður af Stjórnarráði Íslands vottar
I the undersigned chief fish sorter appointed by the Icelandic Government hereby

hér með að neðantalinn
declare that the undermentioned

.....

.....

.....

.....

er góður, óskemmdur, vel verkaður og ....þurrkaður .... flokks fiskur veiddur
is good, sound, wel cured and dried class fish caught

..... verkaður ..... og hefir honum verið skipað út í góðu ásigkomulagi.
cured and has been loaded in good condition

Þann ..... 19....
the 19

Það vottast hér með, að ofanskráð matsvottorð er gefið út og undirrit-
It is hereby attested, that the above Sorter's Certificate has been issued and signed

að af yfirmatsmanni skipuðum af Stjórnarráði Íslands, sem samkvæmt reglu-
by the Chief Sorter appointed by the Icelandic Government, who according to a

gerð útgefinni af nefndu Stjórnarráði, lögum samkvæmt, er eini matsmaður-
proclamation of the said Government, is the only Sorter legally

inn, sem af því opinbera er heimilt að gefa út matsvottorð yfir fiskfarma, sem
authorized to issue sorter's certificates for fish cargoes

héðan eiga að fara.
shipped from this place.

Lögreglustjórinn í ..... þann ..... 19....
Police Office at the 19

Í Reykjavík undirskrifar tollstjóri (Custom Office) matsvottorðin.